

Tillaga til þingsályktunar

um bætta stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis.

Flm.: Gísli Rafn Ólafsson, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Björn Leví Gunnarsson, Eva Sjöfn Helgadóttir, Eyjólfur Ármannsson, Guðmundur Ingi Kristinsson, Halldóra Mogensen, Jakob Frimann Magnússon, Tómas A. Tómasson, Wilhelm Wessman.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að betrubæta stöðu og þjónustu við Íslendinga búsetta erlendis í samráði við aðra ráðherra eftir því sem við á. Hugað verði sérstaklega að eftirfarandi atriðum:

- Afnámi sex mánaða biðtíma á sjúkratryggingum við flutning utan EES.
- Aðgengi einstaklinga erlendis að stafrænni þjónustu með rafrænum skilríkjum.
- Fjölgun kjöræðismanna í löndum og svæðum þar sem ekki er nein þjónusta.
- Afnámi skilyrða um að Íslendingar sem búsettir eru erlendis þurfi að sækja um að vera á kjörskrá.
- Afnámi skilyrða um búsetu á Íslandi til þess að eiga rétt til greiðslu ellilífeyris.
- Að laun greidd erlendis séu tekin gild til jafns við laun greidd héraðs erlendis að uppfylltum öðrum skilyrðum þegar kemur að lánveitingu.
- Auknum stuðningi við íslenskukennslu fyrir íslensk börn búsett erlendis.
- Aðgengi að íslensku barna- og fræðsluefni fyrir börn búsett erlendis.
- Greiðari leið fyrir maka íslenskra ríkisborgara að komast til Íslands, sem og að öðlast íslenskan ríkisborgararétt.
- Að íslenskur ríkisborgari, fæddur erlendis, missi ekki ríkisborgararétt við 22 ára aldur ef hann hefur ekki átt lögheimili á Íslandi.
- Útgáfu íslenskra vegabréfa á erlendri grund, t.d. með auknu samstarfi við sendiráð Norðurlanda.
- Meðlagsgreiðslum til einstaklinga búsettra erlendis þar sem meðlagsgreiðandi er búsettur á Íslandi.
- Afnámi skilyrða um lögheimili, búsetu og tekjur á Íslandi til að eiga kost á úrræðum vegna skuldavanda.

Greinargerð.

Íslendingar búsettir erlendis lenda í alls konar vandamálum í samskiptum sínum við hið opinbera. Þröskuldarnir eru margir og oft óyfirtíganlegir. Þessi tillaga miðar að því að gera lífið eilítið einfaldara fyrir Íslendinga búsetta erlendis.

Um einstaka liði tillögunnar.

Um a-lið. Í 1. mgr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, er sjúkratrygging samkvæmt lögunum skilyrt við a.m.k. sex mánaða búsetu á Íslandi. Þetta veldur því að Íslendingar sem flytja aftur heim lenda á milli skips og bryggu þegar kemur að sjúkratryggingum. Til

að koma í veg fyrir það óhagræði sem hlýst af slíku millibilsástandi og til að gæta jafnræðis er eðlilegt að sjúkratrygging virkist við skráningu lögheimilis á Íslandi.

Um b-lið. Mjög mikið af opinberri þjónustu sem og bankaþjónustu krefst orðið rafrænna skilríkja. Hægt er að nota rafræn skilríki án þess að vera með íslenskt SIM-kort, en hins vegar þarf að sækja um slík skilríki á íslenskri grund. Það getur verið vandkvæðum bundið fyrir Íslendinga búsetta erlendis að sækja um slík skilríki sem getur haft margvísleg vandamál í för með sér. Til hagræðingar mætti bjóða upp á að sækja um rafræn skilríki í sendiráðum eða hjá kjörræðismönnum.

Um c-lið. Kjörræðismenn gegna mikilvægu hlutverki í borgaraþjónustu utanríkisráðuneytisins á þeim svæðum þar sem íslenska ríkið starfrækir ekki sendiráð, ásamt því að sinna ýmissi þjónustu eins og utankjörfundaratkvæðagreiðslum. Kjörræðismenn sinna þessu hlutverki sínu án nokkurs kostnaðar fyrir íslenska ríkið. Á mörgum svæðum í heiminum er um langan veg að fara til þess að komast til næsta kjörræðismanns. Mikilvægt er að fara í sérstakt átak til þess að skipa kjörræðismenn á þeim svæðum þar sem þá skortir.

Um d-lið. Samkvæmt 1. mgr. 33. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, er lögheimili á Íslandi ekki fortakslaut skilyrði fyrir kosningarrétti, heldur má kveða á um undan-tekningar í lögum. Í 2. mgr. 3. gr. kosningalaga, nr. 112/2021, er kveðið á um að kosningar-réttur falli brott ef íslenskur ríkisborgari hefur verið búsettur erlendis í meira en sextán ár. Eftir þann tíma þarf viðkomandi að sækja sérstaklega um að vera áfram á kjörskrá, sem getur reynst torsótt eftir aðstæðum, fyrir utan að mörgum er ókunnugt um þessa reglu. Því er lagt til að kosningarréttur haldist í hendur við íslenskt ríkisfang, en það sama gildir t.d. í Finn-landi.

Um e-lið. Búseta erlendis ætti ekki að leiða til skerðinga á ellilífeyri. Um er að ræða áunn-in réttindi sem ættu ekki að vera háð búsetu.

Um f-lið. Á undanförunum árum hefur orðið æ erfiðara fyrir Íslendinga búsetta erlendis, sem og Íslendinga búsetta á Íslandi sem fá laun erlendis frá, að sækja um lán hjá íslenskum fjármálastofnunum því að laun þeirra eru greidd í erlendum gjaldmiðli. Skerpa þyrfti á heim-ild í lögum til þess að laun greidd í erlendum gjaldmiðli séu tekin gild til jafns við laun greidd í íslenskum krónum, að öðrum skilyrðum laga um lánveitingar uppfylltum.

Um g-lið. Mikilvægt er að íslensk börn sem alast upp á erlendri grund hafi aðgang að góðri móðurmálskennslu, bæði til þess að örva orðaforða og þekkingu á íslensku máli, en líka til að efla málskilning á tungumáli þess lands þar sem þau búa. Rannsóknir hafa sýnt að vægi móðurmálsþekkingar er mikið þegar kemur að því að efla málvitund og málskilning almennt. Með núverandi tækni er hægt að bjóða upp á aðgang að námsefni í íslensku á fjölbreyttan og áhugaverðan hátt.

Um h-lið. Mikilvægt er að tryggja aðgengi íslenskra barna búsettra erlendis að íslensku barna- og fræðsluefni. Til dæmis framleiðir Ríkisútvarpið töluvert af barnaeefni sem ekki er aðgengilegt utan landsteinanna. Hægt væri að bæta úr þessu með því að til dæmis að útbúa sérstakan aðgang tengdan rafrænum skilríkjum að vefsíðu Ríkisútvarpsins fyrir Íslendinga búsetta erlendis.

Um i-lið. Greiða þarf leið fyrir maka íslenskra ríkisborgara að fá vegabréfsritun til Íslands, sem og að fá íslenskan ríkisborgararétt. Á þetta einkum við um tilvik þar sem fjölskyldan er búsett erlendis. Erfitt getur reynst einstaklingum sem hafa ríkisborgararétt frá ríki utan Schengen-svæðisins að fá vegabréfsáritun til Íslands. Takmarkaður fjöldi sendiráða Íslands utan Evrópu gerir Íslendingum búsettum erlendis svo enn erfiðara fyrir að útvega vegabréfs-áritun fyrir erlenda maka sína. Í öðru lagi er dvalarleyfi til sambúðarmaka háð því skilyrði að viðkomandi aðilar hafi verið í sambúð í a.m.k. eitt ár, en almenn vegabréfsáritun gildir

ekki svo lengi. Viðkomandi þar getur því ekki hafið sambúð sína á Íslandi, heldur þarf það að búa saman erlendis í heilt ár og einnig að fá þar til gerð vottorð frá þarlandum yfirvöldum sem staðfesta búsetuna. Í þriðja lagi er réttur til ríkisborgararéttar sambúðarmakans háður því að parið hafi verið búsett á Íslandi í ýmist fjögur eða fimm ár, eftir því hvort það er gift eða í skráðri sambúð. Réttur til ríkisborgararéttar getur því ekki skapast þrátt fyrir margra ára sambúð erlendis.

Um j-lið. Margir Íslendingar búsettir og fæddir erlendis eru ekki meðvitaðir um að þeir missi ríkisborgararétt sinn við 22 ára aldur ef þeir bregðast ekki við. Það er stórmál að missa ríkisborgararétt og getur skapað Íslendingum búsettum erlendis mikinn vanda við að öðlast hann aftur. Íslendingar eru fámenn þjóð og ekki ástæða til að grípa til slíkra reglna til að sporna við fjölda þeirra.

Um k-lið. Það getur reynst vandkvæðum bundið fyrir Íslendinga búsetta erlendis að endurnýja vegabréf sitt. Með auknu og góðu samstarfi við önnur ríki væri hægt að bæta þessa þjónustu með lítilli fyrirhöfn.

Um l-lið. Samkvæmt 67. gr. barnalaga, nr. 76/2003, greiðir Tryggingastofnun ríkisins aðeins út meðlag til réttahafta gegn því skilyrði að hann sé búsettur á Íslandi. Móttakendur meðlags fá því ekki greitt meðlag fyrir hönd meðlagsskylds aðila frá Tryggingastofnun ríkisins, jafnvel þótt meðlagsskyldi aðilinn sé búsettur á Íslandi. Í frumvarpi til laga sem urðu að núgildandi barnalögum var ekki að finna þetta búsetuskilyrði. Því var hins vegar breytt í meðförum allsherjarnefndar til að gæta samræmis við þágildandi 9. gr. a laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, um að meginregla um greiðslu almannatrygginga væri háð búsetu á Íslandi (128. löggjafarþing, þskj. 1338, 180. mál). Meðlag er hins vegar eðlisólíkt stuðningi ríkisins við fólk sem á rétt til greiðslu lífeyris af hálfu hins opinbera. Foreldrar eru framfærsluskyldir gagnvart börnum sínum skv. IX. kafla barnalaga til að tryggja sem best hagsmuni barnsins. Það samræmist ekki jafnræðisreglu að mismuna börnum með þessum hætti eftir búsetu. Þá verður ekki séð að innheimta af hálfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga sé torveldari eftir því hvort móttakandi greiðslunnar er búsettur hérlendis eða erlendis.

Um m-lið. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er það almennt skilyrði fyrir því að leita greiðslustöðvunar, nauðasamnings eða gjaldþrotaskipta að skuldarinn eigi lögheimili á Íslandi. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga um greiðsluaðlögun, nr. 101/2010, geta almennt þeir einir leitað greiðsluaðlögunar sem eiga lögheimili og eru búsettir hér á landi. Jafnframt er meðal skilyrða fyrir afskrift krafna vegna þing- og sveitarsjóðsgjalda sem eru orðnar meira en tíu ára gamlar að greiðsluáætlun vegna launaafdráttar sé í gildi, skv. 1. mgr. 16. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, en slík greiðsluáætlun fæst aðeins gerð ef gjaldandi hefur launatekjur á Íslandi. Vegna þessara skilyrða hafa margir einstaklingar sem hafa flutt á brott frá Íslandi ekki getað leitað lausna vegna skuldavanda. Þessi ströngu skilyrði geta líka bitnað á Íslendingum búsettum hérlendis í þeim tilvikum þar sem þeir hafa lánað veð til einstaklings sem fluttist úr landi.